

Líkt og undanfarin sumur hafa Upplýsingamiðstöð ferðamála á Þingeyri og Handverkshópurinn Koltra verið í samstarfi svo hægt sé að halda úti opinni aðstöðu allt sumarið. Aðstaðan er í Salthúsinu, 6. sumarið í röð og við erum mjög ánægð með að geta verið þar. Umgjörðin er svo flott.

Starfsmenn voru tveir í sumar – sem skiptu með sér verkum, þó var annar starfsmaðurinn í mun meiri vinnu, það æxlaðist þannig. – Einnig tók ég sjálf nokkrar vaktir og finnst mér það einmitt mjög gott að gera það til að fá smá yfirsýn yfir starfið.

Sumarið einkenndist þó af aðstæðunum í Þjóðfélaginu og þar sem einsýnt var að ferðamenn kæmu ekki vestur eins snemma og undanfarin ár – og skemmtiferðaskip væru ekki á ferðinni – var opnunartíminn stytur til muna. Í staðinn fyrir 4 mánaða opnun (15. maí – 15. sept. líkt og áður) var opið frá 15. júní – 31. ágúst – eða í 2 ½ mán.)

Opnunartími alla daga var frá kl. 11 – 18. – Við stytum um klukkustund frá fyrra sumri.

Strax var ljóst að Íslendingar hefðu tekið áskorun um að ferðast innanlands í sumar og var enginn dagur hjá okkur gestalaus. Íslendingar voru rúmlega 2.000 og komu flestir þeirra í júlímánuði. Nákvæm skráning segir 2.026 Íslendingar. Erlendir ferðamenn voru 799 skv. skráningu og voru langflestir Þjóðverjar (200) af þeim sem við gátum staðsett, en Frakkar og Norðurlandabúar voru líka áberandi eða um 50 Frakkar og 50 Norðurlandabúar sem hægt var að staðsetja.

Engar rútur voru náttúrulega á ferð í sumar, þar sem þær eru flestar í tengslum við skemmtiferðaskipin.

Sala á handverki var mun meiri í sumar en við áttum von á vegna fækkunar erlendra ferðamanna, en lopapeysurnar – og aðrar lopavörur - eru yfirleitt mjög vinsælar hjá þeim. Þannig að handverkshópurinn Koltra er sáttur við sitt eftir sumarið.

Sú þjónusta sem fólk sóttist fyrst og fremst eftir voru upplýsingar um afþreyingu í nærumhverfinu, gönguleiðir og hjólaleiðir, lengd og ferðatími að einhverjum ákveðnum stöðum og oft bara langaði fólk að spjalla og fá upplýsingar frá heimamönnum um hefðbundna lifnaðarhætti á svæðinu.

Salthúsið sjálf hefur líka aðdráttarafl og fólk spyr talsvert um sögu þess. Þjónustukort fyrir Dýrafjörð, með götumerkingum og merkingum helstu staða kom út sl. vor og var endurprentað í vor og á Koltra höfundarréttinn að því.

Það er alveg ljóst að nauðsynlegt er að hafa upplýsingamiðstöð ferðamála á Þingeyri og vonandi verður áfram samstarf milli Ísafjarðarbæjar og handverkshópsins Koltru, svo hægt verði að halda úti svipaðri starfsemi áfram næstu árin. - Unnið er að því að skrifa undir samninga til nokkurra ára, svo við erum vonandi á grænni grein næstu árin.

Þingeyri, 20. sept. 2020

Jónína Hrönn Símonardóttir, formaður Koltru.